

Dagsetning 3. desember 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37. mál.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsögn um hliðstæða tillögu dags. 3. júní 2011 og er hún hér ítrekuð. Byggðastofnun telur að stöðugt eigi að vera til skoðunar hvort starfsemi ríkisstofnana sé ekki jafnvel eða betur komin á landsbyggðinni. Benda má á að í Noregi er meginregla að ný opinber störf ber að staðsetja utan höfuðborgarinnar, meðal annars til að draga úr miðstýringu. Fram kemur í rökstuðningi Norðmanna að langflestar þjóðir í norðan- og vestanverðri Evrópu eru með stefnu um flutning opinberra starfa frá höfuðborgum.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.